



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgötu 39  
101 Reykjavík

Aðalgötu 23  
550 Sauðárkróki

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt  
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

16. desember 2020  
MÍ 202012-0022/ 6.06/ 3363

### Hverfisgata 90, fyrirspurn um heimild til niðurrifs

Í tölvupósti 3. desember 2020 óskar Guðlaug Erna Jónsdóttir eftir afstöðu Minjastofnunar vegna erindis sem skipulagsyfirvöldum Reykjavíkur hefur borist þar sem óskað er eftir heimild til niðurrifs á aldursfriðuðu steinhúsi við Hverfisgötu 90. Erindinu fylgir ástandsmat Verkfræðistofu Þráins og Benedikts frá 13. nóvember 2020. Niðurstaða matsins er að fjarlægja verði allt húsið vegna skemmda í steypu burðarvirki og byggja upp á nýtt með sem næst upprunalegu útliti framhliðar og með þaki eins og er á fyrirbyggjandi samþykktum teikningum.

Hverfisgata 90 er tvílyft steinhús, reist árið 1912 og nýtur því friðunar vegna aldurs skv. 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í því felst að óheimilt er að raska húsinu, spilla því eða breyta, rífa eða flytja úr stað, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands sbr. 2. mgr. 29. gr.. Í umsögn 22. mars 2017 heimilaði Minjastofnun flutning friðaðra húsa við Hverfisgötu 90 og 92 og endurbyggingu þeirra í breyttri mynd á lóðinni Hverfisgötu 88 sk. uppdráttum Batterísins frá 7. mars 2017. Í umsögn 2. apríl 2019 heimilaði Minjastofnun breytingar á Hverfisgötu 90-92 samkvæmt uppdráttum Batterísins frá 28. janúar 2018.


Sk. 3. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er Minjastofnun heimilt að aflétta friðun húsa. Í fyrri afgreiðslum hefur stofnunin túlkað heimild til afléttingar friðunar á grundvelli aldursákvæða laganna þröngt, þannig að henni beri aðeins að beita í undantekningartilvikum. Nánar tiltekið eigi þröng beiting þessarar heimildar aðeins við um tilvik þar sem málefnalegar ástæður eru fyrir því að ekki sé unnt að varðveita hús á staðnum, t.d. vegna tæknilegs ástands eða sérstakra aðstæðna, s.s. hættu eða skemmda vegna náttúruvárs.

*Í ástandsmati Verkfræðistofu Þráins og Benedikts frá 13. nóvember 2020 kemur fram að fremri hluti hússins hefur sigið í kjölfar þess að Hverfisgata var grafin út. Ennfremur að undirstöður hússins séu ótraustar en veggir hússins eru steyptir ofan á hlaðið grjótt. Sig hússins hefur orsakað sprungur í steyptum útveggjum sem eru gerðir fyrir tíma járnabindingar. Nefna má að í umsögn 9. október 2009 veitti húsafriðunarnefnd heimild til að rífa húsið Tryggvagötu 10 (Fiskhöllina) og byggja nýtt í þess stað í óbreyttri mynd þar sem steinveggir hússins voru metnir ótraustir af burðarþolshönnuði vegna skemmda í kjölfar eldsvoða.*

Í ljósi þess sem að ofan greinir er það mat mitt að málefnalegar forsendur séu fyrir því að Minjastofnun heimili niðurrif og endurbyggingu steinhússins við Hverfisgötu 90 og þá með því skilyrði að húsið verði endurbyggt samkvæmt aðaluppdráttum Batterísins arkitekta frá 28. janúar 2018 sem Minjastofnun hefur fjallað um og samþykkt fyrir sitt leyti. Jafnframt verði þess gætt að hlið hússins að Hverfisgötu verði endurgerð á vandaðan hátt og sem næst upprunalegri mynd.

Formleg staðfesting á heimild til niðurrifs og endurbyggingar Hverfisgötu 90 verður veitt að fenginni staðfestingu frá framkvæmdaaðila um að ekki verði vikið frá áður samþykktum teikningum Batterísins að endurbyggingu hússins með þeim skilyrðum um framkvæmd verks og útfærslu ytra borðs sem Minjastofnun setur.

F.h. Minjastofnunar Íslands,  
Virðingarfyllt

  
Pétur H. Ármannsson  
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :  
Guðlaug Erna Jónsdóttir ([Guðlaug.Erna.Jonsdottir@reykjavik.is](mailto:Guðlaug.Erna.Jonsdottir@reykjavik.is))

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kærarlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.